

Mosfellsbæ, 16. apríl 2020

Til  
Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis  
Alþingi við Austurvöll

### **Athugasemd við frumvarp um Menntasjóð námsmanna, þingskjal 373–329.**

Ég fagna því að í nýju frumvarpi til laga um Menntasjóð námsmanna sé lögð til breyting á ákvæðum um ábyrgðarmenn námslána. Mér finnst þó að átt hefði að ganga hreinna til verks hvað varðar ábyrgðarmenn lána sem tekin voru í tíð eldri laga og fella ábyrgðina niður skilmálalaust. Í ákvæðum til bráðabirgða, II. grein, stendur:

Ábyrgð ábyrgðarmanns á námslánnum teknum í tíð eldri laga skal falla niður við gildistöku laga þessara, enda sé lánþegi í skilum við Lánasjóð íslenskra námsmanna og ekki á vanskilaskrá. Sama gildir um ábyrgðir á námslánnum sem eru í óskiptum dánarbúum.

Ábyrgð ábyrgðarmanns á námslánnum teknum í tíð eldri laga fellur niður við andlát hans enda sé lánþegi í skilum við Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Ég legg til að skilyrðið „enda sé lánþegi í skilum við Lánasjóð íslenskra námsmanna og ekki á vanskilaskrá“ verði fellt brott.

Í 16. grein frumvarpsins stendur: „Endurgreiðslur sem falla í gjalddaga eftir að lánþegi andast falla niður.“ Sama ákvæði má finna í núgildandi lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. En svo virðist sem öll skuldin eigi að falla á erfingja ábyrgðarmanns ef lánþegi er ekki í skilum við sjóðinn við andlát ábyrgðarmannsins (eða við gildistöku laganna; óljóst virðist hvort ákvæðið á að gilda fyrir maka látins ábyrgðarmanns). Þetta er ósamræmi sem virðist geta verið í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Sé jafnræðis gætt ættu í hæsta lagi þær greiðslur sem féllu í gjalddaga fyrir andlát ábyrgðarmanns að falla á erfingja hans.

Til eru dæmi um maka látins ábyrgðarmanns sem uppgötvar, jafnvel mörgum árum eftir andlát ábyrgðarmannsins, að lánþegi er hættur að standa í skilum við Lánasjóð íslenskra námsmanna af láni sem stofnað var til jafnvel mörgum árum fyrir hjónaband ábyrgðarmannsins og án vitundar eftirlifandi maka, og eftirlifandi maka er þá gert að greiða með áföllnum innheimtukostnaði og í einu lagi alla skuldina sem látni ábyrgðarmaðurinn ábyrgðist, jafnvel þótt eftirlifandi makinn hafi enga vitneskju haft um þessa ábyrgð og lánþeginn sé honum allsendis vandalaus.

Virðingarfyllst,



Reynir Axelsson  
kt. 060344-4169  
Hjarðarlandi 10  
270 Mosfellsbæ